



Grein birt 31. desember 2010

Sigurður Konráðsson

# Rannsókn á íslenskukennslu í grunnskólum – Kynning og sýnishorn Málfræði, lesskilningur og ritun

Grein þessi er kynning á rannsóknarverkefni sem Anna Sigríður Þráinsdóttir, Hanna Óladóttir og Sigurður Konráðsson fóru nýlega af stað með. Í fyrri hluta greinar er gerð nokkuð ítarleg grein fyrir verkefninu. Það er margþætt en megináhersla er lögð á kennslu íslensku sem móðurmáls í grunnskólum. Gögnum er safnað með því að fylgjast með kennslu, samtölum við kennara og nemendur og síðast en ekki síst eru skoðuð gögn um niðurstöður samræmdra prófa. Í síðari hluta greinar eru nefnd fáein dæmi um hvernig unnt er að nota gögn úr niðurstöðum samræmdra prófa í grunnskóla til þess að leita svara við spurningum fræðimanna.

Sigurður Konráðsson er prófessor í íslenskri málfræði á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

**Research on the teaching of Icelandic in elementary schools – An introduction and examples: Grammar, reading comprehension, and writing**

This article is an introduction to a research project initiated by Anna Sigríður Þráinsdóttir, Hanna Óladóttir and Sigurður Konráðsson. In the first part of the article, a description is provided of the research project. The project is multifold but the main emphasis is on the teaching of Icelandic as a first language in elementary schools. Data is collected through classroom observations by interviewing teachers and pupils and, last but not least, by studying the results from standardized testing. In the second part of the article, a few examples are given on how results from standardized tests in elementary schools can be used to answer research questions put forward by the researchers. Sigurður Konráðsson is a professor of Linguistics in the School of Education at the University of Iceland.

## Aðfari

Rannsóknir á kennslu hafa öðlast veglegan sess á síðustu árum. Einn þáttur kennslu er mat á árangri nemenda. Þess vegna varð námsmat hluti af þeirri rannsókn sem hér verður gerð grein fyrir.

Í janúar 2009 var hrint af stað umfangsmikilli rannsókn á málfræðikennslu í grunnskóla. Þrjú kennarar á Menntavísindasviði Háskóla Íslands [1] höfðu um hríð velt fyrir sér rannsókninni, ekki síst umfangi og áherslum. Þeir höfðu meðal annars kynnt sér það sem þá þegar hafði verið rannsakað (til dæmis Ingvar Sigurgeirsson, 1992; 1993). Fyrsta formlega skrefið var stigið með því að ganga á fund fulltrúa Námsmatsstofnunar. [2] Þeim var gerð grein fyrir rannsóknarverkefninu og hvernig unnt væri að nálgast gögn sem stofnunin átti í fórum sínum. Þá var einnig haft samband við Persónuvernd og tilskilinna leyfa aflað. Ekki hefur enn verið leitað eftir sérstökum styrkjum til verkefnisins en nefnt skal að Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs, beitti sér fyrir því að Rannsóknarstofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu fengi fjárstuðning vegna vinnu við aðferðafræðilega aðstoð. Þessi ráðstöfun hefur komið sér vel í þessu verkefni og heldur væntanlega áfram að skipta máli. [3]

## Meginmarkmið

Meginmarkmið er að rannsaka hvernig málfræðikennslu er háttað í grunnskólum. Þar er fyrst og síðast reynt að meta aðferðir og hvaða árangri mismunandi aðferðir skila. Einnig verður leitað svara við spurningum um kennslu í lestri, bókmenntum og ritun eftir því sem gögn og aðstæður leyfa.

## Rannsóknarpættir

Þættir rannsókna eru margir og reynt er að hafa þá sem fjölbreyttasta. Þótt þáttum þessum hafi verið afar misjafnlega sinnt síðan rannsókn hófst þykir rétt að gera nokkra grein fyrir þeim á þessu stigi máls.

1. Samanburður á niðurstöðum samræmdra prófa í íslensku hjá börnum fæddum 1994.

- Samanburður á niðurstöðum í 4. bekk (haust 2003) og 7. bekk (haust 2006)
- Samanburður á niðurstöðum í 7. bekk (haust 2006) og 10. bekk (haust 2009)

2. Samanburður á samræmdum prófum í íslensku hjá börnum fæddum 1994 og málfræðiprófum í grunnskólum á mið- og unglíngastigi.

3. Spurningarlistar til kennara á mið- og unglíngastigi um málfræðikennslu.

- Spurt um kennsluaðferðir.
- Spurt um námsefni.
- Spurt um viðhorf.
- Spurt um menntun.

4. Rýnihópar kennara spurðir um málfræðikennslu á mið- og unglíngastigi.

- Spurt um kennsluaðferðir.
- Spurt um námsefni.
- Spurt um viðhorf.

5. Spurningarlistar til nemenda á mið- og unglíngastigi.

- Spurt um viðhorf til málfræðikennslu.
- Spurt um námsefni.

6. Rýnihópar nemenda spurðir um málfræðikennslu.

- Spurt um viðhorf til málfræðikennslu.
- Spurt um námsefni.

## 7. Fylgst með málfræðikennslu á mið- og unglingastigi.

Segja má að hér sé um að tala nokkurs konar ramma sem fyllt verður í eftir því sem rannsókninni vindur fram.

Í stuttu máli er framvinda verks með því móti að nú þegar hafa fengist öll gögn frá Námsmatsstofnun og verður síðar gerð ítarlegri grein fyrir þeim. Rannsakendur hafa fylgst með kennslu í nokkrum skólum, tekið viðtöl við kennara og unnið úr þeim að hluta til auk þess sem þeir hafa skoðað námsefni sem ætlað er til kennslu á unglingastigi. Mikilvægir þættir eru ókannaðir og má þar helst nefna þátt nemenda, álit þeirra á kennslu, kennslubókum, íslensku sem námsgrein og námsmati.

## Um samræmd próf sérstaklega

Ákveðið var að fá gögn frá einum og sama árgangi í könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk. Fyrir valinu urðu börn sem fæddust árið 1994 en það ár fæddust 4442 börn (Hagstofa Íslands, 2010). Þau þreyttu prófin sem hér segir: í 4. bekk árið 2003, í 7. bekk árið 2006 og í 10. bekk árið 2009. Vakin skal athygli á því að þetta er fyrsti árgangurinn sem þreytir próf í 10. bekk að hausti en hingað til hafa þau próf jafnan verið haldin að vori eftir að núverandi fyrirkomulag prófanna var tekið upp.

Óskað var eftir þessum gögnum frá Námsmatsstofnun:

1. Heildarniðurstöðum prófa í íslensku, m.a. eftir kyni og búsetu.
2. Niðurstöðum fyrir hverja spurningu.
3. Skóla hvers nemanda í hverju prófi.

Öll gögn fengust með skilum, ein SPSS-skrá um hvern árgang. Börnin reyndust vera 3529. Þess má geta að í skránni eða gagnagrunninum eru samtals 2.272.676 færslur enda niðurstöður frá Námsmatsstofnun birtar á mismunandi hátt, t.d. eru allar einkunnir normaldreifðar, þættir teknir saman og fleira sem of langt mál er að nefna. Einnig er ævinlega birt hvernig sérhver próftaki svarar sérhverri fjölvalsspurningu. Ljóst er að skrá þessi er afar dýrmæt og úr henni má margt lesa. Höfundar vænta þess að fá tækifæri til þess að gera nokkuð af því á næstu misserum.

## Áherslur

Rannsakendur einsettu sér að leggja þessar áherslur í fyrstu umferð þegar kom að því að greina niðurstöður samræmdu prófanna þriggja:

- Greina framfarir á milli prófa.
- Athuga sérstaklega málfræði- og stafsetningarhluta prófanna.
- Skoða samhengi einstakra þátta, til dæmis lesskilnings og ritunar.
- Að svara forvitnilegum spurningum sem kvikna á meðan rannsókn stendur.

Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir fáeinum þáttum í skránni, ekki hvað síst lesskilningi og ritun en einnig verður fjallað lítillega um málfræðihlutann.

## Nokkrar niðurstöður

Lestur, læsi og lesskilningur hafa þótt áhugaverð um hríð, ekki síst vegna misjafnrar útkomu íslenskra barna- og ungmenna í PISA-rannsóknnum. Ákveðið var skoða sérstaklega fylgni með lesskilningi, málnotkun og ritun í 7. bekk. Normaldreifð meðaleinkunn var svipuð í öllum þáttum eða rétt um 30 stig (af hæst 59 stigum). Með þessum þremur þáttum var jákvæð fylgni ( $r=0,47-0,62$ ;  $p<0,01$ ). Fylgni reyndist einnig jákvæð með lesskilningi í 4., 7. og 10. bekk ( $r=0,64-0,72$ ;  $p<0,01$ ).

Tafla 1 Allir þættir ritunar í 4. bekk: Fylgni								
N=3529	Stíll/fram	Bygging	Meginmál	Málfar	Frásögn	Efni	Stafs.	
<b>Stíll/fram</b>	Pearson staðalfrávik	1	,992**	,988**	,919**	,918**	,992**	,918**
	Sig. (2-tailed)		,000	,000	,000	,000	,000	,000
<b>Bygging</b>	Pearson staðalfrávik	,992**	1	,992**	,923**	,921**	,998**	,919**
	Sig. (2-tailed)	,000		,000	,000	,000	,000	,000
<b>Meginmál</b>	Pearson staðalfrávik	,988**	,992**	1	,922**	,921**	,993**	,916**
	Sig. (2-tailed)	,000	,000		,000	,000	,000	,000
<b>Málfar</b>	Pearson staðalfrávik	,919**	,923**	,922**	1	,994**	,923**	,854**
	Sig. (2-tailed)	,000	,000	,000		,000	,000	,000
<b>Frásögn</b>	Pearson staðalfrávik	,918**	,921**	,921**	,994**	1	,922**	,853**
	Sig. (2-tailed)	,000	,000	,000	,000		,000	,000
<b>Efni</b>	Pearson staðalfrávik	,992**	,998**	,993**	,923**	,922**	1	,920**
	Sig. (2-tailed)	,000	,000	,000	,000	,000		,000
<b>Stafs.</b>	Pearson staðalfrávik	,918**	,919**	,916**	,854**	,853**	,920**	1
	Sig. (2-tailed)	,000	,000	,000	,000	,000	,000	

\*\* Fylgni er alls staðar jákvæð,  $r =$  tæplega 1,  $p < 0,001$ .

Þá voru athugaðir sérstaklega þættir sem mynda einkunn í ritun í 4. bekk (sjá *Töflu 1*).

Taflan er býsna athyglisverð. Í prófunum er afar nákvæmlega farið í mat á ritgerðum, reyndar dálítið mismunandi eftir því hvort um er að tala fjórða, sjöunda eða tíunda bekk. Þættirnir eru stíll og framsetning, bygging, meginmál, málfar, frásögn, efni og stafsetning. Niðurstaðan er sú að mjög mikið samhengi er með öllum þessum þáttum. Fylgni er jákvæð og svo jákvæð að varla verður lengra komist. Þetta kemur auðvitað engum á óvart. Hér virðist sem allir þættir haldist mjög í hendur.

Ákveðið var að skoða þáttinn **kyn** í öllum prófum. Þetta var gert til þess að hafa samanburðargrundvöll við almennar niðurstöður á samræmdum prófum sem Námsmatsstofnun birtir árlega þegar niðurstöður prófanna eru kynntar. Ákveðið var að skoða fjóra þætti; stafsetningu, lesskilning, málnotkun (í 4. og 7. bekk, málfræði í 10. bekk) og ritun (sjá *Töflu 2*).

Í ljós kemur að stúlkurnar eru í öllum tilvikum hærri. Það er eitt. Hitt er annað að munurinn er alltaf mestur í ritun. Þetta vekur upp spurningar: Hvers vegna er þetta svona? Hvers vegna eiga drengir erfiðara með en stúlkur að ná tókum á ritun? Vissulega munar ekki miklu á mismuninum annars staðar, þ.e. til dæmis í málnotkun.

<b>Tafla 2</b>			
<b>Samanburður á nokkrum þáttum eftir kyni</b>			
<b>4. bekkur</b>	<b>Stúlkur</b>	<b>Piltar</b>	<b>Allir</b>
Stafsetning	32,0	28,7	30,4
Lesskilningur	31,0	29,6	30,3
Málnotkun	31,0	29,4	30,2
Ritun	33,4	27,1	30,2
<b>7. bekkur</b>	<b>Stúlkur</b>	<b>Piltar</b>	<b>Allir</b>
Stafsetning	32,3	28,8	30,5
Lesskilningur	31,2	29,5	30,3
Málnotkun	32,2	28,8	30,5
Ritun	<b>33,4</b>	<b>27,3</b>	30,5
<b>10. bekkur</b>	<b>Stúlkur</b>	<b>Piltar</b>	<b>Allir</b>
Lesskilningur	32,0	29,5	30,8
Málfræði	32,8	28,5	30,6
Ritun	<b>33,7</b>	<b>27,3</b>	30,4

## „Hvernig gengur í skólanum?“

Einn mikilvægur þáttur í gögnunum sem unnt er rannsaka er þróun færni og þekkingar einstaklinga eða hópa milli prófa. Hér verður lítillega litið á ritun sérstaklega. Fundnir voru þrjár hópar: þeir sem voru hæstir, lægstir og í miðjunni í 4. bekk. Í hverjum hópi voru 120–150 börn og réðst stærð hópanna af þeim sem voru lægstir og með sömu einkunn. Meginniðurstaðan er sú að hóparnir halda sér nokkuð í prófunum þremur. Það eru skýrar vísbendingar um litlar breytingar. Nokkrar frumniðurstöður eru þessar:

- Um fjórðungur lægstu barna í 4. bekk nær að lyfta sér upp í um 50% í 7. bekk og 10% úr þessum hópi er í um 50% árangri í 10. bekk.
- Miðjan er með 29 stig í 4. bekk (af 50 stigum), í 7. bekk er hún með 32 stig af 50 stigum og í 10. bekk 32 stig af 59 stigum. Hún heldur sem sagt áfram að vera miðja.
- Hæsti hópur í 4. bekk heldur sínu striki. Nánast allir eru með yfir 50% árangur í 10. bekk.

Vert er að taka skýrt fram að hér er um að ræða nokkurs konar forkönnun og niðurstöður eru ekki settar fram í töflum með nákvæmum útreikningum. Vísbendingar eru samt sem áður skýrar og á grundvelli þeirra verður auðveldara að setja fram tilgátu um gengi barna í prófunum. Meðal annars verður hugað að gengi einstaklinga og mun smærri hópa en hér er gert til þess að átta sig á raunverulegum breytingum á árangri.

## Málfræði

Við skulum nú skoða fáein dæmi um fjölvalsspurningar. Eins og fram hefur komið eru öll svör skráð, ekki aðeins hið rétta svar. Þetta getur gefið málfræðingum og öðrum þeim sem rannsaka vilja afmarkaða þætti prófanna afar dýrmætar upplýsingar. Byrjum á að skoða dæmi frá 4. bekkjarprófinu (rétt svar er skáletrað):

Hvaða orð vantar í eyðurnar?

67. Skipið sigldi meðfram [4] \_\_\_?\_\_\_ Íslands.

<input type="checkbox"/> strandir	7,8%
<input type="checkbox"/> strendrum	5,7%
<input type="checkbox"/> strendum	18,6%
<input type="checkbox"/> <i>ströndum</i>	67,2%

Hér reynir á að finna rétta mynd orðsins *strönd*. Um tveir þriðju hlutar barna hafa þetta rétt. Reyndar er ólíklegt að svo fá 10 ára börn ættu í erfiðleikum með þetta þegar þau tala. Hugsanlega gætu einhverjir sagt í venjulegu, töluðu máli „Skipið sigldi meðfram *strendum* Íslands“ en reyndar má telja fremur ólíklegt að allt að fimmtungur barna á þessum aldri segði þetta.

Vert er að spyrja hvernig unnt sé að nota niðurstöður prófanna til þess að komast að einhverju um málfræðikennslu. Ég hygg að fáum blandist hugur um að haustið sem börn fara í 4. bekkjarprófið leggi kennarar áherslu á samheiti (6 spurningar), andheiti (6 spurningar) og samsett orð (4 spurningar). Spurningin hér á undan er í kafla prófsins sem heitir málnotkun. Kannski er erfiðara að búa börn undir þennan þátt en þar sem spurt er einfaldra greiningarspurninga. Í framhaldi af þessu þarf að spyrja um stýringarþátt prófsins en hann hefur lengi verið til umræðu. Einnig má spyrja um gagnsemina. Þegar spurt er um orð eins og *hugfanginn*, *rogginn*, *árla*, *stynja*, *ólmur* og *fenna* má vissulega velta því fyrir sér hvort þetta sé hugsað í þeim tilgangi að auka orðaforða barna. Þau eigi sem sagt öðrum þræði að læra af prófinu. Skoðum annars samheitin:

Finndu **samheiti** skáletruðu orðanna. Samheiti eru orð sem hafa **sömu merkingu** (*dæmi: faðir – pabbi*). Krossaðu við einn reit í hverri spurningu. [5]

21. Hún var <i>hugfangin</i> af sögunni.		24. Karlarnir <i>stynja</i> undan þyngd kassanna.	
<input type="checkbox"/> döpur	5,2	<input type="checkbox"/> <b>andvarpa</b>	<b>32,8</b>
<input type="checkbox"/> glöð	28,6	<input type="checkbox"/> kveljast	12,3
<input type="checkbox"/> <b>heilluð</b>	<b>64,9</b>	<input type="checkbox"/> strita	11,9
<input type="checkbox"/> hrædd	1,1	<input type="checkbox"/> þreytast	42,3
22. Jón er <i>rogginn</i> .		25. Þeir vilja <i>ólmir</i> vera með.	
<input type="checkbox"/> kátur	12,8	<input type="checkbox"/> flestir	35,8
<input type="checkbox"/> leiður	12,6	<input type="checkbox"/> frekir	7,6
<input type="checkbox"/> <b>montinn</b>	<b>61,9</b>	<input type="checkbox"/> tregir	6,5
<input type="checkbox"/> reiður	12,3	<input type="checkbox"/> <b>æstir</b>	<b>49,5</b>
23. Við byrjum <i>árla</i> .		26. Bráðum <i>fennir</i> í sporin.	
<input type="checkbox"/> seint	6,6	<input type="checkbox"/> flæðir	21,7
<input type="checkbox"/> <b>snemma</b>	<b>67,2</b>	<input type="checkbox"/> rennur	14,0
<input type="checkbox"/> stundvíslega	10,7	<input type="checkbox"/> rignir	20,4
<input type="checkbox"/> tímanlega	15,1	<input type="checkbox"/> <b>snjóar</b>	<b>43,1</b>

Hér ná nemendur réttu svári yfir 50% í aðeins helmingi tilvika. Athygli vekur mikil dreifing á svörum í flestum tilvikum, nema í *hugfangin*. Réttu svörin eru alls staðar algengust nema í sögninni *stynja* (24. sp.). Raunar vekur athygli að í *stynja* og *ólmir* virðist tvennt koma helst til greina. En látum gott heita.

52. Settu sagnorðið að *lygna* í þátíð í eyðuna.

Kisa ___?___ aftur augunum og malaði.	
<input type="checkbox"/> <i>lygndi</i>	58,5%
<input type="checkbox"/> <i>lygnir</i>	4,6%
<input type="checkbox"/> <i>lyngdi</i>	31,9%
<input type="checkbox"/> <i>lyndi</i>	4,6%

Þessi spurning úr 7. bekk er gölluð sem málfræðispurning, þetta er fremur spurning um stafsetningu þótt vissulega þurfi stafsetjari að þekkja samband á milli stofns orðs og tiltekinna reglna um stafsetningu. Sem slík er hún auðvitað athyglisverð og í raun gæti mörgum komið á óvart hve margir hafa rétt svar (58,5%).

Næst er spurning úr prófi í 10. bekk:

44. Orðmyndin *togarasjómaður* er

<input type="checkbox"/> 4 atkvæði.	3,6%
<input type="checkbox"/> 5 atkvæði.	8,9%
<input type="checkbox"/> 6 atkvæði.	84,8%
<input type="checkbox"/> 7 atkvæði.	2,7%

Þessi spurning er býsna létt og prófar svo sem fátt annað en hvort börn geti talið á fingrum sér á meðan þau segja orðið *togarasjómaður* í hljóði. Fróðlegt væri að vita hverjir hafa merkt við rangt svar og hvort svarið væri fremur fljótfærni en vísbending um örðugleika í lestri.

Í 10. bekk er málfræði orðin fjölbreyttari og vegur þyngra en í 4. og 7. bekk. Þó hefur dregið úr henni í tveimur síðustu prófum frá því sem áður var.

Aldrei má sleppa sögninni *hlakka* sé unnt að komast í hana vegna þess að hún er persónuleg en afar oft notuð ópersónulega (þ.e. í stað þess að segja *ég hlakka* er oft sagt mig/mér hlakkar). Þessi spurning er einnig úr prófi í 10. bekk:

46. Hvaða málsgrein telst gott íslenskt mál?

<input type="checkbox"/> Hjördís hlakkar til að hitta móðir sína.	8,4%
<input type="checkbox"/> Hjördís hlakkar til að hitta móður sína.	41,2%
<input type="checkbox"/> Hjördísi hlakkar til að hitta móðir sína.	9,4%
<input type="checkbox"/> Hjördísi hlakkar til að hitta móður sína.	40,9%

Hér er nokkurs konar jafntefli á milli nefnifalls og þolfalls/þágufalls. Athygli vekur að allflestir vilja hafa *móður* rétt í aukafalli (þolfalli).

## Lokaorð

Með nokkrum sýnishornum hefur vonandi tekist að sýna fram á að gagnagrunnur sá sem hér hefur verið kynntur getur nýst á ýmsan máta. En það verður auðvitað að segjast eins og er að söfn sem þessi fá fyrst gildi þegar þau tengjast annars konar rannsóknum eins og þeim sem einnig eru hluti af verkefninu. Með því móti verður unnt að setja fram ákveðnar tilgátur um kennslu og árangur af henni.

Mikilvægt er að rannsaka afmarkaða hópa og greina breytingar barna eftir prófum. Hugsanleg spurning er til dæmis: Hvers vegna halda börn að því er virðist sínu striki frá því þau þreyta samræmt próf í 4. bekk þar til í 10. bekkjarprófi? Í framhaldi er síðan unnt að setja fram hugmyndir um árangursríka kennslu. En þá erum við líka komin inn í næstu grein. Málfræðingar jafnt sem bókmenntafræðingar hafa úr nógu að moða og geta sótt sér efni til þess að leita svara við margvíslegum spurningum.

### Aftanmálsgreinar

1. Í rannsóknarteyminu eru Anna Sigríður Þráinsdóttir, Hanna Óladóttir og Sigurður Konráðsson.
2. Rannsóknarmenn þakka vel fyrir góðfúslega aðstoð starfsmanna Námsmatsstofnunar. Þar hefur farið fremstur Sigurgrímur Skúlason.
3. Rannsakendur þakka Sigurlínu Davíðsdóttur fyrir margháttaða aðstoð á frumstigi rannsóknar. Enn fremur þakka þeir Sigríði Geirsdóttur fyrir vinnu við aðferðafræðilega úrvinnslu, einkum við gagnabankann um samræmd próf.
4. Hér má benda á að í prófinu er *meðfram* ritað svo þótt mælt sé með því í handbókum að rita orðin aðskilin, *með fram*.
5. Rétt svar er hér feitletrað.

## Heimildir

Hagstofa Íslands (2010). Sótt 16. október 2010 af <http://www.hagstofan.is/?PageID=627&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN05100%26ti=Lifandi+og+andvana+f%26ddir+eftir+kyni+1951%2D2009++++%26path=../Database/mannfjoldi/Faaddir/%26lang=3%26units=Fj%26ldi>

Ingvar Sigurgeirsson. (1992). *The role, use and impact of curriculum materials in intermediate level Icelandic classrooms*. [Óbirt doktorsritgerð]:University of Sussex.

Ingvar Sigurgeirsson. (1993). Hvernig er íslenska kennd á miðstigi grunnskóla? *Skíma* 16(1),14–25.



Sigurður Konráðsson. (2010). Rannsókn á íslenskukennslu í grunnskólum – Kynning og sýnishorn: Málfræði, lesskilningur og ritun. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/025.pdf>